

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra.

*Deiliskipulag íbúðabyggðar við Engjagarð á Hellu, Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 2. júlí 2009 deiliskipulag íbúðabyggðar við Engjagarð á Hellu. Deiliskipulagið nær til um 1 ha svæðis og tekur til 9 lóða fyrir einbýli.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Merkiholli, Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 15. maí 2008, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Merkiholli í Rangárþingi ytra.

Breytingin felur í sér að lóðum er fjölgað úr 23 í 24, auk þess sem eldri lóðir eru afmarkaðar að nýju, sumar sameinaðar og öðrum breytt.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar að Lambalæk, Rangárþingi eystra.*

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 8. apríl 2009, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Lambalæk í Rangárþingi eystra.

Breytingin felur í sér stækkun á byggingarreit og stækkun núverandi húss.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi íbúðabyggðar í Hvolstúni, Hvolsvelli, Rangárþingi eystra.*

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings ytra á fundi sínum 8. október 2009 breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar í Hvolstúni á Hvolsvelli. Breytingin felur í sér að sex einbýlishúsalóðir eru teknar undir þar- og raðhús með allt að ellefu íbúðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 25. nóvember 2009.*

F. h. Rangárþings ytra og Rangárþings eystra,

**Rúnar Guðmundsson,**

skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings bs.